

LÖG

um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í nefnd sem skal kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., sbr. 2. gr. laga þessara.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja nefndarmanna skuli vera formaður nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförunum árum eða í viðskiptum Hafskips hf. við aðra aðila. Í því skyni skal nefndin m. a. athuga hvort lánaþyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Könnun nefndarinnar beinist enn fremur að öðrum viðskiptalegum þáttum málsins sem henni þykja þurfa athugunar við, þó ekki þeim atriðum sem unnin eru af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt.

3. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er henni heimilt í samráði við skiptaráðanda að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum, m. a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands. Nefndin skal hafa aðgang að gögnum Hafskips hf. eftir því sem skiptaráðanda þykir fært vegna annarra rannsóknarhagsmuna.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á.

4. gr.

Rannsóknarnefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu til viðskiptaráðherra sem gerir Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

5. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 2 550 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 2 100 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1986 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 560 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.